





Náms- og kennsluáætlun - Vorönn 2024

ÍSÁN3NB05

Kennari	Kristín Þóra Möller, kristin.moller@fss.is	
Viðtalstími	Þriðjudagar 9.20-10.00	
Námsefni	<p><i>Mánasteinn</i> eftir Sjón (kilja). Bókabúð.</p> <p>Smásögur. Efni frá kennara.</p> <p>Leiksýning. Borgarleikhús/Þjóðleikhús.</p>	
Áfangalýsing	<p>Nemendur kynna sér bókmenntir 20. og 21. aldar og lesa eina skáldsögu er tengist tímabilinu. Þeir læra að tengja texta og leikverk við bókmenntastefnur og setja í samhengi við ritunartíma og samtíma. Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur taki virkan þátt í umræðum um þær bókmenntir sem unnið er með hverju sinni. Einnig er lögð áhersla á ritgerðarsmið og heimildavinnu nemenda.</p>	
Námsmat og vægi námsmatsþátta	<p>Áfanginn er símatsáfangi. Til að ná áfanganum þarf að ná a.m.k. 4,5 í meðaleinkunn í öllum könnunum og verkefnum sem liggja til grundvallar. Einnig þarf að skila ritgerð og a.m.k. fjórum af fimm ritunardagbókum og fjórum af fimm hljóðdagbókum til að ná áfanganum.</p> <p>Hvert tímapróf/verkefni er aðeins hægt að taka einu sinni. Ef nemendur komast ekki í tímapróf á tilgreindum tíma af óviðráðanlegum ástæðum, hafa þeir tvær vikur þar á eftir til að taka það próf (eða í næsta stoðtíma). Ekki er leyfilegt að taka próf utan kennslustofu nema í samráði við kennara.</p> <p>Ef engin skýring er á fjarveru nemenda í tímaprófi þá hefur hann ekki rétt á að taka það próf. Eftir að miðannarmat hefur verið gert opinbert er EKKI hægt að skila verkefnum eða taka próf sem gilda inn í miðannarmatið.</p>	
	Símatsáfangi <input checked="" type="checkbox"/>	Lokapróf <input type="checkbox"/>
	Heiti	Vægi
	Dagbækur	20%
	Próf/leskannanir	35%
	Ritgerð	15%
	Ýmis verkefni	30%
Reglur áfanga	Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara.	
Annað sem kennari vill láta koma fram	Nemendur komi undirbúnir í kennslustundir og með viðeigandi gögn meðferðis. Þá er ætlast til að þeir skili öllum verkefnum á réttum tíma og sæki allar kennslustundir skv. mætingareglum skólans.	

Þekking	Leikni
<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> • helstu bókmenntastefnum tímabilsins • helstu skáldverkum tímabilsins og höfundum þeirra • íslenskum hugtökum er notuð eru við greiningu bókmenntatexta • reglum um uppsetningu ritgerða og vísun í heimildir 	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • fjalla um og greina bókmenntatexta frá tímabilinu • nota hjálparforrit og efni af neti við textagreiningu • skrá og vísa í heimildir
	
Hæfni	
<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • tjá sig í ræðu og riti um innihald bókmennta tímabilsins • átta sig á atriðum í íslensku samfélagi sem tengjast bókmenntum tímabilsins • rökstyðja skoðun sína á bókmenntaverki sem viðkomandi hefur kynnt sér • skrifa bókmenntaritgerð 	

Vinnuáætlun		
Tímasókn	16 vikur x 4 klst.	64 klst.
Undirbúningur f. tíma	16 vikur x 3 tímar x 20 mín	16 klst.
Undirbúningur f. próf	3 x 4 klst.	12 klst.
Ritgerð	15 klst.	15 klst.
Alls		107 klst. = 5 feín*

Virðing, samvinna og árangur

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 4. - 14. janúar	Kynning á áfanga og umræður Mismunandi tegundir bókmennta Bókmenntir, hugtök og stefnur	Lesskilningur Dagbók 1
2. vika 15. - 21. janúar	<i>Sunnudagskvöld til mánudagsmorguns</i> eftir Ástu Sigurðardóttur	Hljóðdagbók 1
3. vika 22. - 28. janúar	Leikhúsferð Umræður	Leikhúsverkefni Lespróf úr <i>Sunnudagskvöld til ...</i>
4. vika 29. janúar - 4. febrúar	Smásaga <i>Grimmd</i> eftir Halldór Stefánsson	Dagbók 2
5. vika 5. - 11. febrúar	Smásaga <i>Draumurinn</i> eftir Ástu Sigurðardóttur	Lespróf úr <i>Grimmd</i> Hljóðdagbók 2
6. vika 12. - 18. febrúar	Smásaga <i>Púsund orða virði</i> eftir Björn Braga <i>Arnarsson</i>	Lespróf úr <i>Draumnum</i> Endursögn á smásögu Dagbók 3
7. vika 19. - 25. Febrúar <i>Þemadagur</i>	Stoðtími Ritgerðarskrif og heimildavinna	Lespróf úr <i>Púsund orða virði</i> Hljóðdagbók 3
8. vika 26. febrúar - 3. Mars <i>Námsmatsdagur</i>	Ritgerðarskrif og heimildavinna	Verkefni: Efnisgreinar og heimildaskráning
9. vika 4. - 10. mars <i>Miðannarmat</i>	<i>Mánasteinn</i> eftir Sjón Verkefna- og ritgerðarvinna	Verkefni um SJÓN-skil
10. vika 11. - 17. mars	<i>Mánasteinn</i> eftir Sjón Verkefna- og ritgerðarvinna	Dagbók 4 Lespróf 1 úr bókinni <i>Mánasteinn</i>
11. vika 18. - 24. mars <i>Starfshlaup – Páskafrí hefst</i>	<i>Mánasteinn</i> eftir Sjón Verkefna- og ritgerðarvinna	Lespróf 2 úr bókinni <i>Mánasteinn</i>
12. vika 2. - 7. apríl	<i>Mánasteinn</i> eftir Sjón Verkefna- og ritgerðarvinna	Hljóðdagbók 4
13. vika 8. - 14. apríl	<i>Mánasteinn</i> eftir Sjón	Lespróf 3 úr bókinni <i>Mánasteinn</i> Fyrri skil á ritgerð
14. vika 15. - 21. apríl	Ritgerðarvinna	Dagbók 5
15. vika 22. - 28. apríl <i>Sumardagurinn fyrsti</i>	Kvikmynd	Lokaskil á ritgerð Kvikmyndaverkefni
16. vika 29. apríl - 5. maí	Upprifjun á bókmenntastefnum Verkefni um bókmenntstefnur og verk höfundar	Hljóðdagbók 5
17. vika 6. – 10. maí	Verkefni um bókmenntstefnur og höfundarverk	Kynningar á verkefni

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Kristín Þóra

Fjölbrautaskóli Suðurnesja